

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015, frístundabyggð í landi Ásgarðs og Búrfells.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin varðar breytta landnotkun á tveimur stöðum í landi Ásgarðs þar sem úti-vistarsvæði og landbúnaðarsvæði breytist í „hugsanlegt sumarbústaðasvæði“ og einnig syðst í landi Búrfells þar sem spilda af landbúnaðarlandi breytist í „hugsanlegt sumarbústaðasvæði“.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.